




Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1653
komudagur 9.4.2010



Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2010

Umsögn varðandi frumvarp til laga um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 – þingskjal nr. 860.

Með bréfi þessu vill undirrituð f.h. Borgarskjalasafns Reykjavíkur vekja athygli Allsherjarnefndar á atriðum í ofangreindu frumvarpi sem nauðsynlegt er að breytt verði svo öll málsmeðferð varðandi upplýsingaöflun um mál einstaklinga verði skýrari og til að jafna stöðu allra þeirra sem vistaðir voru á viðkomandi stofnunum og heimilum.

Í frumvarpinu og greinargerð með því kemur eftirfarandi fram:

Í 5. gr.:

Sýslumaður ákveður form innköllunar og gefur út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Á eyðublaðinu skal sá er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun eða heimili og helstu ástæður þess að hann telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum. Þar skal einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um viðkomandi, í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, þ.m.t. hljóðupptökur og endurrit vitnaskýrslu.

Í 6. gr.:

Hann skal afla staðfestingar nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir.

Í 8. gr.:

Úrskurðarnefndin skal hafa aðgang að hljóðupptökum og endurritum viðtala sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur tekið sem lið í rannsókn sinni á stofnun eða heimili, sem og að öðrum skjallögum gögnum sem síðarnefnda nefndin býr yfir.

Í 12. gr.:


Ráðherra er heimilt að gefa út og birta í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu sýslumanns eða úrskurðarnefndar, nánari reglur um viðmið við ákvörðun fjárhæða, meðferð bótakrafna, aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum, fyrirkomulag greiðslu bóta, viðmiðunarfjárhæð vegna lögmannskostnaðar og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara.

Vakin er athygli á því að nefnd skv. lögum nr. 26/2007 verður eingöngu með úrtak mála varðandi þá sem voru vistaðir á Silungapólli, Unglingaheimili ríkisins og Upptökuheimili ríkisins. Úrtak nefndarinnar er um 20%, til að mynda eru afgreidd um 200 mál 940 barna sem voru vistuð á Silungapólli. Mál hátt í 800 barna verða ekki afgreidd til nefndarinnar og svipað verður líklega með Unglingaheimili og Upptökuheimili ríkisins. Um 90% barna á þessum heimilum voru send á vegum barnaverndaryfirvalda í Reykjavík og þau mál eru varðveitt á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Skjöl Unglinga- og Upptökuheimilis eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Því er ljóst að í tilvitnuðu frumvarpi þarf að koma skýrt fram hvernig upplýsingaöflun verði háttáð varðandi mál þeirra fjölmörgu barna sem lentu ekki í úrtaki nefndar skv. lögum nr. 27/2007 þannig að hún verði sem skilvirkust. Jafnframt þarf að kveða skýrt á um hvaða skjölum og upplýsingum sýslumaður þurfi að kalla eftir fyrir ákvarðanatöku sína. Kveða þarf jafnframt á um aðgang að þessum gögnum á opinberum skjalasöfnum, verklag og hver eigi að greiða kostnað af upplýsingaröflun sýslumanns.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar til að fara betur yfir ofangreindar ábendingar.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Bogadóttir,
borgarskjalavörður